

Niðurstöður starfshóps
um málefni íslenska geitfjárstofnsins

Mái, 2014

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið

Með skipunarbréfi dagsettu 24. mars 2014 ákvað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp til að koma með tillögur að stuðningsaðgerðum sem efla íslenska geitfjárstofninn og stuðla að vernd hans og viðgangi. Í hópinn voru skipuð:

- Torfi Jóhannesson, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, formaður
- Birna Kristín Baldursdóttir, Erfðalindasetri Landbúnaðarháskóla Íslands
- Sigurður Eyþórsson, Bændasamtökum Íslands

Hópurinn hittist á einum formlegum fundi þann 7. apríl 2014 og haldin var einn símafundur þann 15. maí 2014, en hafði að öðru leyti samskipti með tölvupósti.

Bakgrunnur:

Geitfjárstofninn hefur líklega aldrei verið stór og frá fyrstu áreiðanlegu talningu 1703 hefur fjöldinn nær alltaf verið innan við 1000 gripir. Undantekning eru þó árin frá 1914 og framundir seinna stríð, en stofninn komst í nærri 3.000 dýr árið 1930. Stofnstærð hefur farið mjög langt niður, undir 100 dýr 1881-1896 og aftur í 100 dýr 1960. Þá hófst sérstök skráning á geitum og veittur var stofnverndarstyrkur fyrir vetrarfóðraðar geitur. Eftir það fór geitum að fjölga aftur og í lok árs 2012 voru 849 vetrarfóðraðar geitur til í landinu. Geitfjáreign er afar dreifð og eru þær að mestu haldnar í litlum hjörðum, þó er nær fjórðungur stofnsins í einni hjörð á Vesturlandi. Um áramótin 2012-13 voru geitfjáreigendur samtals 88 með á bilinu 1-185 geitur hver, að meðaltali 9,6 geitur, þar af voru 81 með 20 geitur eða færri (Tafla 1).

Tafla 1 Fjöldi ræktenda (fj) og geita í hjörðum 2009-2012.

Ár	fj	20 eða færri	fj	21-30	fj	31-40	fj	> 50	fj	samtals
2009	42	297	6	160			1	137	49	594
2010	53	377	5	127	2	73	1	152	61	729
2011	59	424	4	103	3	109	1	182	67	818
2012	81	489	3	73	3	102	1	185	88	849

Árið 2012 var skýrslum skilað af 42 aðilum fyrir samtals 593 geitur. Stofnverndarframlag að upphæð kr. 4.200 kr. var greitt á skýrslufærðar geitur en þó að hámarki fyrir 20 geitur á hverju búi, samtals 411 gripi. Þetta fyrirkomulag á greiðslu styrkja skýrir e.t.v. að einhverju leyti þá fjölgun sem orðið hefur í þeim hópi ræktenda sem halda 20 gripi eða færri (Tafla 1). Fjölgað hefur óslitið í stofninum frá 2002, þegar ásettar geitur voru 368, en 849 haustið 2012 eins og að framan greinir.

Árið 2012 gaf erfðanefnd landbúnaðarins út *Verndaráætlun fyrir íslenska geitastofninn*. Þar eru nefndar nokkra mikilvægar aðgerðir s.s. að vanda betur ættfærslur svo að auðveldara sé að fylgjast með stofninum með tilliti til skyldleikaræktar, ráðleggja bændum við val gripa og brjóta upp einangrun hópa innan stofnsins með sæðingum og auka rannsóknir. Einnig er bent á að mikilvægt sé að geitfjárræktin sitji við sama borð og aðrar búgreinar hvað varðar afurðatengdar beingreiðslur og að vernd stofnsins til lengri tíma byggji á nýtingu afurða.

Starf vinnuhópsins:

Vinnuhópurinn kynnti sér tiltæk gögn um stöðu geitastofnsins og þróun stofnstærðar síðustu áratugi. Jafnframt gögn um stærðardreifingu búa og rekstrarforsendur geitfjárræktar. Árið 2013 komu til slátrunar alls 197 gripir og af þeim komu 1835 kg kjöts. Þar af voru 435 kg innlögð en 1400 kg heimtekin. Aðeins einn sláturleyfishafi kaupir geitakjöt af framleiðendum, en hjá öðrum er hægt að fá geitum slátrað gegn gjaldi. Þá þarf framleiðandi að taka kjötið heim, selja það beint til neytenda eða ráðstafa því á annan hátt. Það er því ljóst að umfang

framleiðslunnar er mjög lítið. Lítils háttar mjólkurframleiðsla er einnig af geitum en um hana eru takmarkaðar upplýsingar. Af 88 ræktendum sem héldu geitur árið 2012 voru 92% (81) með 20 eða færri og því litlar afurðir sem skapast hjá meira en helmingi stofnsins (489). Vinnuhópurinn tekur undir þær tillögur sem áður hafa komið fram frá erfðanefnd landbúnaðarins um að nauðsynlegt sé að styrkja rekstrargrundvöll geitfjárræktarinnar. Ljóst virðist að mjög fáir ræktendur halda fleiri dýr en sem nemur opinbera stuðningnum og þannig næst ekki nauðsynlegur grundvöllur fyrir tekjustreymi af búskapnum. Ekki er hægt að reikna með því að geitfjárrækt komist af með minni stuðning en sauðfjárræktin, eigi hún að dafna sem búgrein.

Geitfjárræktarfélag Íslands hefur ekki sótt formlega um aðild að Landssamtökum sauðfjárbænda eða Bændasamtökum Íslands. Til umræðu er þó innan félagsins að sækja um aðild að Landssamtökum sauðfjárbænda, sem gæti þá komið til framkvæmda á árinu 2015, ef af verður. Aðild að heildarsamtökum bænda er væntanlega forsenda þess að félagar geti notið niðurgreiddrar ráðgjafarþjónustu og átt aðild að búvörusamningum ríkis og bænda.

Tillögur vinnuhópsins:

1. Hópurinn leggur til að nú þegar verði auknu fé veitt til stofnverndar geitastofnsins með sérstöku framlagi ríkisins til erfðanefnd landbúnaðarins. Framlagið verði nýtt til að hækka verulega og afnema takmarkanir á því hversu margar geitur á hverju búi njóta stuðnings. Skilyrða þarf stuðning við þá sem taka þátt í skýrsluhaldi. Áætlað er að þetta muni kosta um kr. 2 milljónir á ári.
2. Hópurinn leggur til að við endurskoðun sauðfjársamnings (samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar dags. 25. janúar 2007 með síðari breytingum) verði innleitt sérstakt stuðningsform fyrir geitfjárrækt, sambærilegt þeim stuðningi sem veittur verður í sauðfjárrækt. Í stuðningsaðgerðum þarf að vera hvati til þess að geitfjárræktarbú verði af þeirri stærð að vinnsla afurða sé möguleg.
3. Hópurinn telur mikilvægt að haldið verði áfram uppbyggingu á sæðisbanka með frystu hafrasæði sem styðja myndi við markvissa ræktun innan stofnsins en einnig þjóna sem öryggisnet ef illa færi. Söfnun sæðis þyrfti að fara fram á tveggja til þriggja ára fresti. Lagt er til að þessi tillaga komi til skoðunar við næstu endurskoðun búnaðarlagasamnings.
4. Hópurinn telur mikilvægt að komið verði á fót rafrænni ættbók þar sem skrá mætti allar tiltækar upplýsingar um stofninn s.s. ættir, útlitseinkenni, afurðir, sjúkdóma, vanhöld og o.fl. Ættbók er grunnur að ræktun og verndaraðgerðum og því að sæðingar skili árangri. Sambærileg ættbók er til staðar fyrir sauðfé. Lagt er til að þessi tillaga komi til skoðunar við næstu endurskoðun búnaðarlagasamnings.
5. Hópurinn leggur til að stuðlað verði að auknum rannsóknum á íslenska geitastofninum og afurðum hans með það fyrir augum að auka þekkingu á erfðafræðilegri stöðu stofnsins og sérstöðu afurða. Lagt er til að þessi tillaga komi til skoðunar við næstu endurskoðun búnaðarlagasamnings og sauðfjársamnings.

Reykjavík 15. maí, 2014

Torfi Jóhannesson

Birna Baldursdóttir

Sigurður Eypórsson